

## Því dæmist rétt vera:

Stefndi, sýslumaður Lárus H. Bjarnason, greiði sekt til landssjóðs 60 kr., eða sæti 15 daga einföldu fangelsi, verði sektin eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Svo greiði hann og allan kostnað málsins bæði í héraði og fyrir yfirdómi, svo sem það eigi hefði verið rekið með gjafsókn, þar á meðal málsfærslukaup 20 kr. til hins skipaða málflutningsmanns sækjanda fyrir yfirdóminum, Odds Gíslasonar yfirréttar-málsfærslumanns.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 4/1906:

Sturla Jónsson  
gegn  
Geir Zoëga.

## D ó m u r:

Hinn 8. marz 1903 sökk fiskiskipið »Sturla«, eign áfrýjandans, á Eiðsvík, þar sem það þá lá í vetrarlegu. Eigandi skipsins, Sturla kaupmaður Jónsson, hugði að slyss þetta hefði orsakast af því, að fiskipilskipið »Geir«, eign hins stefnda, er einnig lá þar þá í vetrarlegu, hafi rekið á skipið »Sturla«, brotið það að aftan niður fyrir þilfar, og sökt því, og að þessi árekstur hafi stafað af því, að skipið »Geir« hafi eigi haft forsvaranleg legu-

færi, akkeri og keðju. Telur áfrýjandi, að stefndi eigi að bera ábyrgð á því, og bæta sér þann skaða, er leiddi af árekstrinum, og höfðaði hann því þetta mál í héraði gegn stefnda og krafðist 6000 kr. skaðabóta af honum. En greindu máli var ráðið til lykta með dómi bæjarþingsréttar Reykjavíkur hinn 10. marz f. á., á þá leið, að Geir Zoëga var algjörlega sýknaður, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum bæjarþingsdómi hefir kaupmaður Sturla Jónsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 23. jan. þ. á., og hefir hann fengið uppreist til áfrýjunarinnar. Hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda 6000 kr. skaðabætur fyrir áreksturinn, með 5<sup>0</sup>/<sub>10</sub> vöxtum frá sáttakærudegi, svo og til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum, eftir mati yfirdómsins. Af sinni hálfu hefir stefndi kaupmaður Geir Zoëga krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður af kærnum og kröfum áfrýjanda í málinu, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða nægilegan málskostnað.

Áðurnefndan dag 8. marz 1903 og nóttina eftir var austan stórviðri á Eiðsvík. Skipin Geir og Sturla lágu þar þá á vikinni, Geir austar en Sturla vestar; rak skipið Geir þá eitthvað vestur eftir vikinni, og daginn eftir var skipið Sturla sokkið, en Geir lá þá á sömu stöðvum eða nálægt því, sem Sturla hafði legið. Það er þó eigi sannað til hlítar í málinu, að Geir hafi rekið á Sturla, því að aðeins eitt vitni hefir borið, að það hafi séð Geir rekast á Sturlu að aftan; enn síður er

Það sannað, að Geir hafi rekist þannig á Sturlu, að hann hafi brotið hann og sökt honum.

Það er gjörð grein fyrir því í málinu, að Sturla var fremur lélegt skip, sem lak mjög; að vísu hafði hann verið þorausinn nálægt því hálfum mánuði áður en hann sökk, en það er eigi loku fyrir það skotið, að mikill sjór hafi verið kominn í hann aftur hinn 8. marz og að hann hafi sokkið í ofviðrinu fyrir þá skuld. En þó nú svo væri litið á, að Geir hafi rekist á Sturlu þennan dag og að áreksturinn hafi orðið þess valdandi, að Sturla sökk, þá er þó eigi nægileg ástæða til þess, að leggja skaðabótaskyldu á stefnda fyrir þetta. Það verður sem sé að telja það sannað, að Geir hafi verið lagður í vetrarlagið með þeirri fyrirhyggju, sem heimtuð verður, og að hann hafi haft góð og nægileg legufæri, akkeri og keðju. Hafi hann því rekið og rekist á Sturlu, verður það ekki kent fyrirhyggjuleysi stefnda, heldur hinu, að óvenjulegt stórvíðri var. Það brestur þannig heimild til þess að gjöra stefnda að skyldu að bæta áfrýjanda skaða þann, er hann beið við það, að Sturla sökk við áminst tækifæri, og verður þar af leiðandi að staðfesta hinn áfrýjanda dóm, þar með ákvæði hans um málskostnað, en eftir þessum úrslitum kemst áfrýjandi eigi hjá því, að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Sturla kaupmaður Jónsson greiði stefnda,

kaupmanui Geir Zoëga, málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr., er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 11/1906:

Alexander E. Valentínusson  
 gegn  
 Ráðherra Íslands f. h. landssjóðsins  
 og sýslumanni Lárusi H. Bjarnason.

D ó m u r :

Með landsyfirrættardómi 6. nóv. 1905 var áfrýjandinn Alexander E. Valentínusson í Ólafsvík og 2 aðrir menn dæmdir til að greiða in solidum  $\frac{3}{4}$  kostnaðar í sakamáli, er höfðað hafði verið gegn þeim af réttvísinnar hálfu fyrir brot gegn 102. gr. alm. hegningarlaga og var leitt til lykta með téðum dómi. Stjórnarráðið lagði fyrir sýslumanninn í Snæfellsnessýslu að sjá um fullnægingu dómsins, og eftir að dómurinn hafði verið birtur áfrýjandanum 27. desbr. f. á., skrifaði sýslumaður 9. jan. þ. á. hreppstjóranum í Neshreppi innan Ennis bréf þess efnis, að hann jafnframt því að senda honum kostnaðarreikningana í sakamálinu, skoraði á hann að innheimta  $\frac{1}{4}$  málskostnaðarins hjá hverjum af hinum 3 dómfeldu að viðbættum  $\frac{1}{3}$  af birtingar- og fjárnámskostnaðinum. Segir síðan í bréfinu: »Borgi hinir dæmdu ekki málskostnaðinn þegar í stað, ber að gjöra fjárnám hjá þeim samkv. III. og IV. kafla laga 4.